



Banaslys 15.2.2006

Bæjarbraut í Garðabæ

Ekið á gangandi vegfaranda

Látin 15 ára stúlka

Tími sólarhrings: Dagur

Lýsing á slysi

Slysið varð á Bæjarbraut neðan við verslunarmiðstöðina Garðatorg. Ökumaður fólksbifreiðar auk s-vestur Bæjarbrautina en ung stúlka gekk þar yfir á gangbraut. Svo virðist sem hvorugt hafi séð til hins og ók ökumaður fólksbifreiðarinnar á stúlkuna sem hlaut alvarleg meiðsli og lést nokkrum dögum síðar á sjúkrahúsi.

Í greinargerð sérfræðings um hraða í slysinu kemur fram að sennilegasti hraði bifreiðarinnar hafi verið 59 km/klst, en hámarkshraði er 50 km/klst. á Bæjarbraut. Aðstæður til aksturs voru ágætar þegar slysið varð en sól var lágt á lofti og hafði áhrif á vegsýn ökumannsins. Samkvæmt útreikningum sérfræðings mun stefna sólar hafa verið í akstursstefnu ökumanns á þeim tíma sem slysið varð.



Horft í átt að Garðatorgi

Á þessum stað er gangbraut yfir Bæjarbraut sem liggur frá íbúðahverfi að verslunarmiðstöðinni Garðatorgi. Þar sem slysið varð er halli upp götuna í akstursstefnu ökumanns. Gangbrautin var merkt með gangbrautarskiltum, yfirborðsmerkingum og lítilli eyju á miðri götunni. Aðkoma að gangbrautinni var að mati rannsóknarnefndarinnar varhugaverð. Öðrum megin (við íbúðahverfið) var halli og tröppur upp á gangstéttina framan við gangbrautina. Hinum megin (Garðatorgsmegin) var slóði niður brekku sem myndast hafði eftir gangandi vegfarendur í gegnum trjágróður. Gangandi vegfarendur sáu stöðugt ekki vel fyrir en rétt áður en þeir komu út á gangbrautina.

Bifreiðin var af gerðinni Toyota Corolla og var rannsökuð af sérfræðingum. Við rannsókn kom í ljós að framrúðan var verulega slitin, rispuð og óhrein. Að auki voru gúmmí í þurrkum slitin og tjörumettuð. Sólskyggni hægra megin hafði verið fjarlægt og nýttist ökumanni ekki. Þá var hemlabúnaður í verulega slæmu ástandi vegna slits/ryðs og stirðleika. Þessir ágallar ollu því að nokkrar tafir urðu á virkni hemla þegar stigið var á hemlafetil. Þá gerir Rannsóknarnefnd umferðarslysa athugasemd við að í baksýnispegli héngu sólgleraugu og ilmspjald í spotta. Sú hætta er ávallt til staðar hlutir sem hengdir eru í baksýnispegil bifreiða, byrgi útsýni um framrúðu og trufla ökumenn við akstur. Þá var hraðamælir bifreiðarinnar ekki í sambandi.

Niðurstöður áfengis- og lyfjaprófs ökumanns fólksbifreiðarinnar voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Ökumaður fólksbifreiðarinnar ók yfir hámarkshraða og of hratt við gangbraut
- Sól var lágt á lofti og vegsýn slæm.
- Útsýni ökumanns um framrúðu var ekki gott. Framrúða var óhrein, rispuð og sólskyggni vantaði við framrúðuna hægra megin.
- Sýnileiki gangandi vegfarenda var lítill við gangbrautina vegna umhverfis.

Tillögur í öryggisátt

1) Rannsóknarnefndin ritaði bæjaryfirvöldum í Garðabæ bréf 27.febrúar með athugasemdum um gangbrautina. Eftir slysið ákváðu bæjaryfirvöld í Garðabæ að breyta gangbrautinni. Þar eru nú gangbrautarljós og aðkomuleið hefur verið lagfærð.

2) Mikilvægt er að ökumenn sýni ábyrgð og dragi úr ökuhraða þegar sól er lágt á lofti og vegsýn slæm. Ökumenn bera ábyrgð á að rúður séu hreinar og útsýni úr þeim gott. Hlutir sem hanga úr baksýnispegli byrgja útsýni um framrúðu og eiga engan rétt á sér.

17.10.2006

Rannsóknarnefnd umferðarslysa